



# Reglur Spaks Invest hf.

## 1. gr.

### Almennt

Firma sjóðsins er Spakur Invest hf. til heimilis að Grandagarði 16, 101 Reykjavík og er kennitala þess 491220-1980.

Spakur Invest hf. er sérhæfður sjóður sem starfar undir lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Helga Viðarsdóttir kt. 160174-4049 er framkvæmdastjóri sjóðsins.

## 2. gr.

### Fjárfestingarstefna sjóðsins

Fjárfestingastefnan tekur mið af þeim áherslum sem taldar eru skila eins sterkri ávöxtun og kostur er með hliðsjón af áhættu. Hér fyrir neðan er yfirlit yfir fjárfestingastefnu og fjárfestingaheimildir sjóðsins:

#### Eignaflokkur, vægi af heild

- |                             |         |
|-----------------------------|---------|
| • Bandarísk skráð hlutabréf | 50-100% |
| • Alþjóðleg skráð hlutabréf | 0-50%   |
| • Reiðufé                   | 0-10%   |

#### Nánar um fjárfestingastefnu sjóðsins

##### *Bandarísk skráð hlutabréf*

Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta fyrir allt af 100% af eignum sjóðsins í bandarískum skráðum hlutabréfum. Skal fjárfesting í bandarískum skráðum hlutabréfum vera að lágmarki 50% af eignum sjóðins. Um lykileignaflokk er að ræða fyrir sjóðinn og mun sjóðurinn gera upp ársreikning og hlutaskrá í Bandaríkjadollar frá og með 31.12.2021.

##### *Alþjóðleg skráð hlutabréf*

Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta fyrir allt af 50% af eignum sjóðsins í alþjóðlegum skráðum hlutabréfum.

##### *Reiðufé*

Sjóðurinn mun halda eftir 0-10% af eignum sjóðsins í gjaldeyri á hverjum tíma. Er það stefna sjóðsins að fjárfesta ekki að fullu í hlutabréfum á hverjum tíma. Er það gert svo unnt sé að nýta tækifæri sem kunna að skapast við verðlækkani einstakra hlutabréfa sem framkvæmdastjóri metur eftir atvikum sem tækifæri til frekari fjárfestinga.

##### *Sjóðir*

Sjóðurinn fjárfestir ekki í sjóðum, hvort heldur verðbréfasjóðum sem skráðir eru á skipulagðan verðbréfamarkað eða ekki.

##### *Skortsala*

Sjóðurinn mun ekki stunda skortsölu.

##### *Afleiður*



Sjóðurinn mun ekki eiga viðskipti með afleiður og eru slík viðskipti ekki hluti af fjárfestingastefnu hans. Ákvæðið var, að í stað þess að keypt væri t.d. trygging fyrir gengisbreytingum Bandaríkjadollara miðað við íslenska krónu, verði ársreikningur og hlutaskrá sjóðsins gerð upp í Bandaríkjadollara frá og með 31.12.2021. Sú ákvörðun var tekin til þess að veita hluthöfum sjóðsins tækifæri til að selja bréf sín þegar Bandaríkjadollari er sterkur gagnvart krónu. Það að slikt langtímatækifæri skapist við þær aðstæður fer saman við áherslur sjóðsins um ávoxtun til langs tíma.

#### *Lántaka*

Sjóðurinn hefur ekki heimild til lántöku og er það skýr stefna sjóðsins að taka ekki lán.

#### *Lausafjárstýring*

Sjóðurinn hefur aðeins heimild til þess að fjárfesta í hlutabréfum skráðum á skipulögðum verðbréfmarkaði. Allar eignir sjóðsins eru því lausafé eða auðseljanlegar eignir sem tryggir lausafjárstöðu hans vegna innlausna hluthafa.

#### **3. gr.**

##### **Starfsemi**

Barbara ehf. kt. 580325-0250, er rekstraraðili sjóðsins. Heimilt er að skipta um rekstraraðila að undangenginni ákvörðun stjórnar og samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Sjóðurinn er hlutafélag og er tilgangur hans ávoxtun fjármuna sjóðsins.

Vörluaðili sjóðsins er Verðbréfamiðstöð Íslands hf., kt. 451015-2140, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík.

Heimilt er að skipta um vörluaðila að undangenginni ákvörðun stjórnar og samþykki

Fjármálaeftirlitsins.

Innri endurskoðun hefur verið útvistað til innra endurskoðunarteymis ráðgjafadeildar Deloitte ehf., kt. 5210982449

Endurskoðandi sjóðsins er Geir Steindórsson, kt. 110684-2909 hjá Deloitte ehf.

Rekstraraðili sjóðsins sér að öðru leyti um daglegan rekstur hans og umsýslu eigna í samræmi við ákvarðanir stjórnar rekstraraðila.

Varnarþing Spaks Invest hf. er í Reykjavík.

#### **4. gr.**

##### **Þóknun og kostnaður**

Umsýsluþóknun nemur alls 2,0% af markaðsverðmæti hrcinnar eignar sjóðsins meðan hann er starfræktur.

Umsýsluþóknun er reiknuð á ársgrundvelli en er reiknuð daglega inn í gengi sjóðsins.

Umsýsluþóknun er greidd mánaðarlega af verðmæti útistandandi hlutabréfa (að frádregnum eigin hlutabréfum) í mánaðarlok.

Greiðslur fyrir bókhaldspjónustu, endurskoðun, lögmannspjónustu, leigu hugbúnaðar auk annars rekstrarkostnaðar er innifalin í umsýsluþóknun sjóðsins.

Beinn kostnaður vegna kaupa og sölu verðbéfa er ekki innifalinn í umsýsluþóknun.

Kaupgengi sjóðsins er reiknað daglega og birt fyrir hvern dag innan þriggja viðskiptadaga.

Gengismunur: Gengismunur endurspeglast í mun á kaup- og sölugengi á hverjum tíma og er hann í dag 1,5%. Gengismunur rennur til rekstraraðila sjóðsins. Ekkert innlausnargjald er innheimt við innlausn hluta í sjóðnum.

Sjóðurinn tekur ekki árangurstengda þóknun. Framkvæmdastjóri sjóðsins er sjálf fjárfestir í sjóðnum.

Á heimasíðu sjóðisns [www.spakur.is/invest](http://www.spakur.is/invest) er að finna upplýsingar um gengi sjóðsins.



Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þá kostnaðarliði sem eiga við um sjóðinn.

#### **Umsýsluþóknun**

2,0 % á ári

#### **Gengismunur**

1,5%

#### **5. gr.**

##### **Framkvæmd viðskipta**

Fjárfesting í sjóðnum felur í sér kaup á hlutabréfum í hlutafélagi án atkvæðis- og forkaupsréttar. Fer rekstraraðili sjóðsins með atkvæðisrétt. Að öðru leyti ríkir jafnraði meðal hluthafa og hafa hluthafar ekki rétt á ívilnandi meðferð.

Spakur Invest hf. hefur þá stefnu að greiða ekki út arð.

Kaup fjárfesta á hlutabréfum í sjóðnum skulu fara fram á sölugengi sem lýst er í 7. gr. reglna Spaks Invest hf. Skal gengi dagsins miðast við gengi í lok þess dags sem kaupverð hlutabréfanna hefur borist sjóðnum. Ef kaupverð berst ekki á viðskiptadegi skal miða við gengi við lok síðasta viðskiptadags.

Hlutabréfin eru gefin út rafrænt af Verðbréfamiðstöð Íslands hf. á vörlureikning hluthafa. Hlutabréf sjóðsins eru aðeins seld gegn staðgreiðslu kaupverðs. Um útgáfuna gilda lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerminga, sbr. 3. og 4. mgr. 74. gr. laga nr. 45/2020.

Sjóðurinn er skuldbundinn til þess að kaupa hlutabréf hluthafa samkvæmt samþykktum sjóðsins.

Kaupverð sjóðsins jafngildir kaupgengi sem lýst er í 7 gr. reglna Spaks Invest hf. Skal hluthafa berast greiðsla eigi síðar en þremur viðskiptadögum eftir ósk hans um að sjóðurinn innleysi hlutabréf hans. Skal gengi dagsins miðast við gengi í lok þess dags sem tilkynning um ósk um sölu hefur sannanlega borist framkvæmdastjóra sjóðsins. Ef tilkynningin berst ekki á viðskiptadegi skal miða við gengi við lok síðasta viðskiptadags.

#### **6. gr.**

##### **Ráðstöfun arðs og annars hagnaðar**

Sjóðurinn fjárfestir öllum arði, vaxtatekjum og öðrum tekjum af fjárfestingum sjóðsins samkvæmt fjárfestingastefnu sjóðsins og bætast þær tekjur því við eigið fē sjóðsins.

Spakur Invest hf. greiðir ekki arð til hluthafa sinna og því á sér stað endurfjárfesting á hagnaði sjóðsins.

#### **7. gr.**

##### **Útreikningur gengi sjóðsins**

Gengi hlutabréfa sjóðsins er reiknað daglega.

Kaupgengi (innlausnarvirði) hlutabréfa sjóðsins er markaðsvirði samanlagðra eigna að frádregnum viðskiptakostnaði við innlausn, áföllnum og ógreiddum sköttum og ógreiddum umsýslukostnaði og áföllnum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna hlutabréfa annarra en eigin bréfa sjóðsins.

Munur á kaupgengi (innlausnarvirði) og sölugengi (útboðsgengi) er 1,5%.

Deloitte ehf. fer yfir og staðfestir reikningsreglur við útreikninga á gengi sjóðsins.

#### **8. gr.**

##### **Um upplausn sjóðsins**

Framkvæmdastjóri sjóðsins tekur ákvörðun um upplausn sjóðsins. Gæti það verið vegna þess að framkvæmdastjóri meti það svo að markaðsaðstæður séu á þeim tíma á þann veg að hagsmunir hluthafa séu best varðir með því að leysa upp sjóðinn. Sjóðurinn hefur ekki heimild til samruna við önnur félög.



Sé ákvörðun um upplausn sjóðsins tekin skal tilkynna þá ákvörðun öllum hluthöfum með tölvupósti með minnst mánaðar fyrirvara. Tilkynning til hluthafa um upplausn sjóðsins skal innihalda dagsetningu upplausnarinnar auk skilmála upplausnarinnar. Skal þá framkvæmdastjóri koma öllum eignum sjóðsins í verð, greiða allan áfallinn kostnað og deila eignum hlutfallslega til hluthafa. Skal endurskoðandi staðfesta skiptingu eigna við upplausn.

#### 9. gr.

##### Breytingar á reglum sjóðsins

Stjórn sjóðsins hefur heimild til að breyta reglum sjóðsins að fengnum tillögum framkvæmdastjóra eða að eigin frumkvæði. Breytingin öðlast hins vegar ekki gildi fyrr en tveimur vikum eftir að þær hafa verið kynntar hluthöfum. Tilkynna skal hluthöfum um breytingar á reglum sjóðsins með tölvupósti sem sendur skal til uppgefins tölvupóstfangs hluthafa.


#### 10. gr.

##### Upplýsingar

Sjóðurinn mun birta endurskoðaðan ársreikning og verður sá ársreikningur aðgengilegur hjá sjóðnum og einnig á aðalfundi. Er það stefna sjóðsins að senda út skýrslu um fjárfestingar sjóðsins eftir hvern ársfjórðung. Skal sú skýrsla innihalda yfirlit yfir allar eignir sjóðsins í lok fjórðungs, auk þeirra eigna sem seldar voru á tímabilinu. Skal sú skýrsla send fjárfestum í tölvupósti eigi síður en 3 vikum eftir lok hvers ársfjórðungs. Skal félagið tilkynna fjárfestum breytingar á: fyrirkomulagi lausafjárstýringar, áhættusniði sjóðsins, vogun sjóðsins, og/eða breytingum á fjárfestingastefnu sjóðsins. Skulu ofangreindar tilkynningar sendar á tölvupóstfang fjárfestis.

Reglur sjóðsins auk upplýsinga sem lýst er í 47. gr. laga nr. 45/2020 skulu vera aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins [www.spakur.is/invest](http://www.spakur.is/invest).

Framkvæmdastjóri Spaks Invest hf.



The image shows a handwritten signature in blue ink. It consists of a stylized first name on the left, followed by the last name 'ELHA' in a more standard font, and then 'Viðarsdóttir' written vertically downwards on the right.

Helga Viðarsdóttir